

Auður Hauksdóttir

Afmælishátíð í Jónshúsi, 11. september 2021.

Forseti Alþingis, Steingrímur J. Sigfússon, sendiherra Helga Hauksdóttir, virðulega samkoma.

Af heilum hug vil ég þakka forsætisnefnd Alþingis fyrir þá miklu sæmd sem hún sýnir mér með því að veita mér verðlaun Jóns Sigurðssonar forseta.

Einn lærimeistara minna sagði eitt sinn að greinin „Hugvekja til Íslendinga“ bæri þess merki að vera skrifuð af miklum heimsborgara. Jón Sigurðsson lifði á tímum umbreytinga þegar þeyr frelsis lék um Danmörku og álfuna alla. Víða þurfti að færa miklar fórnir þegar sótt var fram og barist fyrir viðurkenningu á rétti einstaklinga, hópa og þjóða. Í því ljósi er í hæsta máta athyglisvert að Jón Sigurðsson rækti forystuhlutverk sitt í baráttu þjóðar sinnar fyrir sjálfstæði í ótrúlega góðri sátt við Dani. Þar skipti heimsborgaraleg framganga Jóns sköpum og áhugi hans á straumum og stefnum samtímans, þekking á sögu Norðurlanda og djúpstæður skilningur og innsýn í menningu Dana. Mestu munaði þó um dönskukunnáttu Jóns sem gerði honum kleift að miðla hugmyndum, jafnt til Íslendinga sem Dana, gagnrýna og mótmæla á kjarnyrtri dönsku af dirfsku og festu og sætta ólík sjónarmið í ræðu og riti, ef svo bar undir. Tjáning í svo ólíku samhengi útheimtir afbragðs tungumálakunnáttu.

Árangur Jóns sýnir glögg, hve mikla þýðingu menningar-
innsæi og tungumálakunnátta hefur fyrir jákvæð samskipti
einstaklinga og þjóða. Má í því sambandi og minna á hve
dýrmætt það var fyrir okkur Íslendinga í hruninu og í kjölfar
þess að eiga í okkar röðum fólk sem hafði afbragðs tök á
erlendum tungum og gjörþekkti menningu sem þeim tengist –
þekkingu og færni, sem gerði þessum landsmönnum okkar
kleift að koma sjónarmiðum Íslands og hagsmunum á
framfæri og veita svör í fjölmiðlum víða um lönd og leiðrétt
rangfærslur og ósannindi – rétt eins og Arngrímur lærði
forðum, Jón Sigurðsson og fleiri síðar.

„Ef þú vilt fullkominn vera í fróðleik þá nem þú allar tungur,
en tyn þó eigi að heldur þinni tungu.“ segir í Konungsskugg-
sjá. Enga ósk á ég heitari en þá að okkur Íslendingum auðnist
að halda í heiðri þessa heimsborgaralegu sýn forfeðranna og
að ungu fólki bjóðist um alla framtíð að nema erlendar tungur
og kynna sér menningu annarra þjóða – jafnt heimstungur sem
tungur nánustu vinaþjóða – um leið og það leggur rækt við
íslenska tungu og menningu.

Um þessar mundir er þess minnst að 50 ár eru liðin frá því að
menningarstarfsemi í núverandi mynd hófst hér í Jónshúsi. En
fundir Íslendinga eiga sér lengri sögu undir þessu þaki. Eftir
að Jón og Ingibjörg fluttust í húsið varð það fljótt samkomu-
staður Íslendinga í Höfn, þar sem þeir fregnuðu nýtt, skiptust
á skoðunum og auðguðu andann í félagi hver við annan. Ég
hef fyrir satt að Ingibjörg hafi jafnan haft á orði við landa
sína: „Viljið þér ekki líta inn til okkar einhvern daginn?“
Starfsemin í Jónshúsi nú endurspeglar því hugsýn Ingibjargar
og heldur í heiðri metnað og gestrisni þeirra hjóna.

Megi okkur Íslendingum auðnast að hafa víðsýni, stórhug og heimsborgaralega framgöngu Jóns Sigurðssonar að leiðarljósi um langa framtíð.

Takk fyrir.